

FERÐAÞJÓNUSTA FYRIR ALLA

FLOKKUNARVIÐMIÐ FYRIR AÐGENGI AÐ
ÁNINGAR- OG ÚTIVISTARSVÆÐUM Á ÍSLANDI



MAÍ 2007

SAMSTARFSVERKEFNI

FERÐAÞJÓNUSTA FYRIR ALLA

Veturinn 2006, í farmhaldi af ráðstefnu sem samgönguráðuneytið hafðir forgöngu um “Ferðaþjónusta fyrir alla” var hleypt af stokkunum samstarfsverkefni Ferðamálastofu, Öryrkjabandalags Íslands, Ferðaþjónustu bænda, Samtökum ferðaþjónustunnar og Ferðamálasamtaka Íslands um bætt aðgengi ferðfólks að áninga- og útivistarstöðum, sérstaklega var hugsað til þess að bæta aðgengi hreyfihamlaðra. Aðgengi að áninga- og útivistastöðum er oft á tíðum erfið jafnvel ómöguleg stórum hópi fólks.

Þegar farið er að skoða hugtakið hreyfihömlun kemur í ljóst að líklega er það víðara en almennt er talið og má í því sambandi nefna þungun, fótbrot og offitu svo eitthvað sé nefnt. Megin tilgangur með verkefninu er að gera fólki kleift að skipuleggja ferðalög m.t.t. hversu aðgengilegt er um landið og í öðru lagi að auðvelda þeim sem ábyrgir eru fyrir viðkomandi svæði að gera úrbætur þar sem því er við komið og þeirra er þörf.

Fyrsta verkefnið var að flokka gróflega hreyfihömlun eftir eðli hennar og síðan að útbúa ásættanlegt viðmið varðandi aðgengi að áningastöðum utandyra. Við gerð þessara viðmiða var að einhverju leiti stuðst við erlendar fyrirmyndir, við lög og reglugerðir en ekki síst var bókin “Aðgengi fyrir alla –handbók um umhverfi og byggingar”¹⁾ notadrjúg. Ástæðan fyrir því að tekið er sérstaklega fyrir aðgengi að náttúrulegum svæðum er að byggingareglugerðir segja til um hvernig aðgengi að mannvirkjum skulu vera, minni hefð er fyrir því að tekið sé tillit til hreyfihamlaðra við skipulag og framkvæmd á áninga- og útivistasvæðum.

Viðmiðin eru flokkuð eftir því hver hreyfihömlunin er og miðast við það hvað er ásættanlegt aðgengið miðað við hvern flokk. Í fyrstu verða flokkarnir þrír og koma þeir koma til með að nýtist flestum. Flokkarnir eru: **1.** í hjólastól án aðstoðar, **2.** í hjólastól með aðstoð og **3.** gönguhömlun.

Viðmiðin miðast við aðgengi að og um viðkomandi stað. Tekið er fyrir bílastæði, upplýsingar (skilti), stígar, pallar og hreinlætisaðstaða. Samhliða samantekt á viðmiðum um hvað sé ásættanlegt aðgengi var útbúinn “Gátlisti” sem nýtist til úttektar á áningastöðum. Áningastaðir verði flokkaðir og niðurstöðunum komið á framfæri opinberlega þannig að við skipulag ferðalaga geti einstaklingar ákveðið þá staði sem heimsækja á miðað við aðgengi að þeim. Gátlistarnir ættu jafnframt að nýtast hönnuðum við skipulag og framkvæmdir.

Í framhaldi af þessu viðmiði er eru ofantaldir samstarfsaðilar að vinna í viðmiðum fyrir veitinga- og skemmtistaði, hótél og gististaði.



¹⁾ Útgefandi, Samstarfsnefnd um handbók um aðgengi og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.



Flokkur 1, aðgengi hjólastóla

Aðkoma, bílastæði

- Sérmerkt bílastæði ætlað hreyfihömluðum sé á bílaplani við upphaf gönguleiðar og það ekki minna en 380 cm á breidd.
- Hæðamunur á milli bílastæðis og stígs fari ekki yfir 2 cm.
- Skábrautir, stígar og aðrar leiðir sem ætlað er fyrir aðgang hjólastóla fari aldrei undir 90 cm á breidd.
- Halli á skábrautum, stígum og annarra leiða fari aldrei yfir 1:20 (5%)
- Sé bílastæði ekki við upphaf gönguleiðar skal vera mætingasvæði, 150x150 cm með a.m.k. 25 m millibili.
- Hliðarhalli á skábrautum og stígum sé aldrei meiri en 1:50 (2%).
- Yfirborð bílastæðis og aðlægra svæða skal vera með bundnu slitlagi eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar.
- Yfirborð skábrauta sé með hálkuvörn, hrjúft yfirborð.

Upplýsingar / skilti

- Skilti skal vera aðgengilegt samkvæmt viðmiði hvað varðar halla aðkomuplans, 1:20. með lágréttum fleti fyrir framan, a.m.k. 150 X 150cm og föstu undirlagi, malbik, hellu, timbur eða annað sambærilegt.
- Skilti skal vera í góðri sjónhæð fyrir fólk sem bundið er í hjólastól, neðri brún í c.a. 90 cm. hæð og efri brún í um 180 cm.

Stígar og útsýnisstaðir

- Upplýsingar um gerð stíganna skulu vera á skilti við upphaf leiðar, þar sem sýndar eru mögulegar leiðir fyrir hreyfihamlaða, hver hallinn er á tilteknum stöðum, hvar hvíldarstaðir eru og hvert efnisval er í stígum.
- Stígar þurfa að vera með bundnu slitlagi, timburpallar eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Rifur á milli fjala og eða hella má ekki vera meiri en 5mm.
- Stígar undir 90 cm breiðir eru ekki aðgengilegir hjólastólum.
- Halli á stíg og eða skábraut fari að jafnaði ekki yfir 1:20 (5%), þurfi að brúa meiri hækkun skulu vera hjálparhandriði á þeim stöðum, þó fari halli aldrei yfir 1:15 (6,7%), bil á milli handriða sé um 90 cm og aldrei meira en 120 cm.
- Hliðarhalli á stígum sé að jafnaði ekki meiri en 1:50 (2%).
- Hvíldarsvæði með bekkjum séu með um 100 m millibili og með a.m.k. 90 cm breiðu svæði fyrir hjólastóla við bekkina.
- Meðfram skábrautum skal vera hliðarkantar a.m.k. 4 cm háir.

Hreinlætisaðstaða

Ath. Þjónustuhús ætluð almennungi skulu uppfylla kröfur byggingareglugerðar hvað varðar aðgengismál.

- Dyr að þjónustuhúsum þ.m.t. salerni séu a.m.k. 90 cm breiðar og opnast út. Hámarks þrýstikraftur vegna opnunar sé ekki meiri en 2.5 kg.
- Aðkoma að hreinlætisaðstöðu á að vera með lágréttum fleti a.m.k. 150 x 150 cm með bundnu yfirborðsefni allt frá bílastæði að húsi.
- Hæðamunur á aðkomu og í hús sé ekki meiri en 2 cm.
- Rýmisþörf á hreinlætisaðstöðu er að lágmarki 170 x 220 cm. með aðgengi frá báðum hliðum að salernisskál og armstöðir beggja vegna við salernisskál.
- Handlaug er a.m.k. í 80 - 85 cm hæð og fremri brún 50 - 60 cm frá vegg. (aðgengilegt undir handlaug fyrir hjólastóla).
- Speglar, neðribrún á að vera í a.m.k. 90 cm. hæð og efribrún í um 180 cm. hæð.
- Blöndunartæki þurfa að vera einarma, gripgóð - aðskilinn hitastillir og vatnsmagn.



Flokkur 2, aðgengi hjólastóla með aðstoð

Aðkoma, bílastæði

- Sérmerkt bílastæði sé á bílaplani og það ekki minna en 380 cm á breidd.
- Leiðin að upphafi gönguleiðar frá bílastæði sé ekki lengra en 100 m.
- Ekki eru fleiri en eitt þrep í einu og ekki fleiri en 3 stök þrep á hverja 50 m. Hvíldarflötur sé ekki styttra en 120 cm eftir hvert þrep.
- Hvert þrep er ekki hærra 15 cm.
- Halli á skábrautum, stígum og annarra leiða sé ekki meiri en 1:15 (6,7%) og mætingasvæði ekki minni en 150 X 150 cm með a.m.k. 25 m millibili.
- Hliðarhalli á skábrautum og stígum sé aldrei meiri en 1:50 (2%).
- Skábrautir og eða stígar, þar sem það á við, séu ekki undir 90 cm breiðir.
- Yfirborð bílastæðis og aðlægra svæða skal vera með bundnu slitlagi eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar.
- Yfirborð skábrauta sé með hálkuvörn, hrjúft yfirborð.

Upplýsingar / skilti

- Skilti skal vera aðgengilegt samkvæmt viðmiði hvað varðar halla aðkomuplans, 1:15 (6,7%) með lágréttum fleti fyrir framan, 150 cm x 150 cm, og föstu undirlagi, malbik, hellur, timbur eða annað sambærilegt.
- Skilti er í góðri sjónhæð fyrir fólk sem bundið er í hjólastól, neðri brún sé í c.a. 90 cm hæð og efri brún í um 180 cm.

Stígar og útsýnisstaðir

- Upplýsingar um gerð stíganna skulu ver á skilti við upphaf leiðar, þar sem sýndar eru mögulegar leiðir fyrir hreyfihamlaða, hver hallinn er á tilteknum stöðum, hvar eru hvíldarstaðir og hvert efnisval er í stígum.
- Stígar þurfa að vera með bundnu slitlagi, timburpallar eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Rifur á milli fjala og eða hella má ekki vera meiri en 5mm.
- Stígar undir 90 cm breiðir eru ekki aðgengilegir hjólastólum.
- Halli á stíg og eða skábraut fari að jafnaði ekki yfir 1:15 (6,7%), þurfi að brúa meiri hækkun t.d. með þrepum þá séu ekki fleiri en eitt þrep í einu og ekki fleiri en 3 stök þrep á hverja 50 m. Hvíldarflötur sé ekki styttra en 120 cm eftir hvert þrep.
- Hvert þrep sé ekki hærra en 15 cm.
- Hvíldarsvæði með bekkjum eru með um 100 m. millibili og með a.m.k. 90 cm breiðu svæði fyrir hjólastóla við bekkina
- Hliðarkantar á skábrautum a.m.k. 4 cm.

Hreinlætisaðstaða

Ath. Þjónustuhús ætluð almenningi skulu uppfylla kröfur byggingareglugerðar hvað varðar aðgengismál.

- Dyr að þjónustuhúsum þ.m.t. salernum séu a.m.k. 90 cm. breiðar og opnast út. Hámarks þrýstikraftur vegna opnunar sé ekki meiri en 2.5 kg.
- Aðkoma að hreinlætisaðstöðu á að vera með lágréttum fleti a.m.k. 150 x 150 cm. með bundnu yfirborðsefni allt frá bílastæði að húsi.
- Rýmisþörf á hreinlætisaðstöðu skal vera að lágmarki 170 x 220 cm með aðgengi frá báðum hliðum að salernisskál og með armstöðir beggja vegna við salernisskál.
- Handlaug sé í 80 - 85 cm hæð og fremri brún 50 - 60 cm frá vegg. (aðgengilegt undir handlaug fyrir hjólastóla).
- Speglar, neðribrún á að vera í 90 cm hæð og efribrún í um 180 cm hæð.
- Blöndunartæki þurfa að vera einarma, gripgóð - aðskilinn hitastillir og vatnsmagn.



Flokkur 3, gönguhömlun

Aðkoma, bílastæði

- Sérmerkt bílastæði ætlað hreyfihömluðum sé á bílplani og það ekki minna en 380 cm á breidd
- Hæðamunur milli bílastæðis og stígs sé ekki meiri en 2 cm.
- Skábrautir og eða stígar frá bílastæði eru a.m.k. 75 cm. breiðir og halli er ekki meiri en 1:15 (6,7%). Mætingasvæði sé ekki minna en 150 cm x 150 cm með a.m.k. 25m. millibili.
- Hliðarhalli á skábrautum og stígum sé aldrei meiri en 1:50 (2%).
- Yfirborð bílastæðis og aðlægra svæða skal vera með bundnu slitlagi eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar.
- Yfirborð skábrauta sé með hálkuvörn, hrjúft yfirborð.

Upplýsingar / skilti

- Skilti skal vera aðgengilegt samkvæmt viðmiði hvað varðar halla aðkomuplans, 1:15 (6,7%) með lágréttum fleti fyrir framan, 150 cm x 150 cm og föstu undirlagi, malbik, hellur, timbur eða annað sambærilegt.
- Skilti skal vera í góðri sjónhæð, neðri brún í c.a. 90 cm. hæð og efri brún í um 180 cm hæð.

Stígar og útsýnisstaðir

- Upplýsingar um gerð stíganna skulu vera á skilti við upphaf leiðar, þar sem sýndar eru mögulegar leiðir fyrir hreyfihamlaða, hver hallinn er á tilteknum stöðum, hvar eru hvíldarstaðir og hvert efnisval er í stígum.
- Stígar þurfa að vera með bundnu slitlagi, timburpallar eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Rifur á milli fjala og eða hella má ekki vera meiri en 5mm.
- Stígar skulu vera yfir 75 cm breiðir.
- Halli á stíg og eða skábraut fari að jafnaði ekki yfir 1:15 (6,7%), þurfi að brúa meiri hækkun skulu vera hjálparhandriði á þeim stöðum, þó fari halli aldrei yfir 1:12 (8%), bil á milli handriða sé um 90 cm og aldrei meira en 120 cm.
- Hvíldarsvæði með bekkjum eru með um 100 m. millibili.
- Skábrautir eru meðfram eða yfir tröppur.

Hreinlætisaðstaða

Ath. Þjónustuhús ætluð almennungi skulu uppfylla kröfur byggingareglugerðar hvað varðar aðgengismál.

- Dyr að þjónustuhúsum þ.m.t. salernum séu a.m.k. 90 cm. breiðar og opnast út. Hámarks þrýstikraftur vegna opnunar sé ekki meiri en 2.5 kg.
- Aðkoma að hreinlætisaðstöðu á að vera með lágréttum fleti a.m.k. 150 x 150 cm með bundnu yfirborðsefni allt frá bílastæði að húsi.
- Hæðamunur á aðkomu og í hús sé ekki meiri en 2 cm.
- Rýmisþörf á hreinlætisaðstöðu er að lágmarki 170 x 160 cm. aðgengi aðeins frá einni hlið að salernisskál. Armstöðir beggja vegna við salernisskál.
- Handlaug er a.m.k. í 80 - 85 cm hæð.
- Speglar, neðribrún skal vera í 90 cm hæð og efribrún í a.m.k. 180 cm hæð.
- Blöndunartæki, einarma, gripgóð - aðskilinn hitastillir og vatnsmagn